



Tekjuauki íslensks sjávarútvegs skilar sér ekki í rekstrarbata

Tekjur íslenskra fyrirtækja í veiðum og vinnslu sjávarfangs námu 389 ma.kr. árið 2012 til samanburðar við 358 ma.kr. árið áður. Tekjurnar jukust því um 31 ma.kr. milli ára eða 8,6%. Þessar tekjur skiluðu sér þó ekki í hærri rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) sem lækkaði lítillega milli ára. Þannig nam EBITDA 79,8 ma.kr. árið 2012 borið saman við 79,9 ma.kr. árið áður. Hlutfall EBITDA af tekjum dróst því saman milli ára og nam 20,5% m.v. 22,3% árið áður.

Vinnsla fremur en veiðar skýra tekjuaukann

Tekjuaukningin milli ára skýrist að mun meira leyti af tekjuaukningu vinnslu en veiða. Þannig námu tekjur fiskvinnslu 224 ma.kr. árið 2012 og jukust um 25,5 ma.kr. milli ára. Tekjur fiskveiða námu hins vegar 164 ma.kr. og jukust um 5,3 ma.kr.


EBITDA-framlegð fiskvinnslu nam 38,6 ma.kr. og jókst um 1,8% á milli ára en til samanburðar jukust tekjur um 12,8% milli ára. Tekjuaukinn skilaði sér því ekki nema að litlu leyti í auknum rekstrarbata. Aukinn kostnaður skýrist að mestu leyti af hærri hráefniskostnaði sem jókst um 16,7 ma.kr. milli ára.

EBITDA fiskveiða dróst saman þrátt fyrir tekjuauka


Tekjuauki í fiskveiðum náði hins vegar ekki að skila herra EBITDA sem nam 41,1 ma.kr. árið 2012 og dróst saman um 800 m.kr. milli ára. Minni rekstrarafgangur skýrist fyrst og fremst af auknum oliukostnaði útgerðarinnar sem jókst um 4,4 ma.kr. milli ára eða um sem nemur 83% af tekjuaukanum.

Rekstur sjávarútvegsins tekið stakkaskiptum

Rekstur íslensks sjávarútvegs hefur tekið stakkaskiptum eftir gengisfall krónunnar árið 2008. Þannig hefur EBITDA sem hlutfall af tekjum ávallt verið yfir 20% en hlutfallið mældist nánast alltaf undir 20% á árabílinu 1997 til 2007. Íslenskur sjávarútvegur hefur lengi vel lánsfjármagnað sig að langmestu leyti í erlendri mynt. Ástæðan er sú að nánast öll framleiðsla sjávarafurða fer til sölu á



Heimild: Hagstofa Íslands






erlendum mörkuðum. Samfara gengisfallinu jukust skuldir greinarinnar mikið. Þær fóru úr 336 ma.kr. í árslok 2007 og upp í 523 ma.kr. í árslok 2008.

Greiðslugeta af skuldum með besta móti

Eiginfjárlutfall greinarinnar fór á þeim tímapunkti undir núllið. Á því tímabili sem liðið er frá 2008 hefur greinin bætt mjög skuldastöðu sína og nam eiginfjárlutfall hennar í árslok 2012 tæpum 20%. Til samanburðar nam þetta hlutfall að meðaltali 26,8% á árabílinu 1997 til 2007. Hlutfall skulda og EBITDA sem er ágætur mælikvarði á getu greinarinnar til að standa skil á núverandi skuldum nam 5,4 í árslok 2012. Svo hagstætt hefur hlutfallið ekki mælst síðan árið 2001.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.